Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1905-1908

Aðfnr. 1017, örk 6


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einar í Óskoti.
Björn Friðriksson

28/10

Hjermeð leyfi jeg mjer að bjóða hinni heiðruðu fátækrastjórn Reykjavíkur vörur þær, er hún meðþarfnast handa þurfamönnum á komandi vetri, og afhenda þær eptir ávísunum frá fátækrastjórninni:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rúgmjöl | pr ℔ | | 7 1/2 a. |
| Rúg | . . | . . | 7 . |
| Baunabygg | . . | . . | 10 . |
| Matbaunir | . . | . . | 13 . |
| Grjón | . . | . . | 12 . |
| Kaffi | . . | . . | 50 . |
| Kandís | . . | . . | 24 . |
| Melís | . . | . . | 24 . |
| Exportkaffi | . . | . . | 40 . |
| Rúgbrauð | . . | . . | 43 . |
| Smjör ísl. | . . | . . | 65 . |
| Margarine | . . | . . | 45 . |
| Steinolíu | . pt | . . | 15 . |
| Ofnkol | . skð | | 3.50. |

Reykjavík, 26. oktober 1904

Nic. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit

Íslands Suður- og Vesturamt.

Reykjavík 25. janúar 1892

Með bréfi, dags. 16. f. m., hafið þér, hr. sýslumaður, eftir beiðni hreppsnefndarinnar í Garðahreppi óskað eftir úrskurði amtsins um upphæð meðlags þess, er vinnumanni Jóni Jónssyni í Viðey, beri að greiða með drengnum Jóni Rósant, fæddum 1. ágústmán. 1888, er hann eignaðist með ógiftri stúlku Rósu Þorlaksdóttur, sveitlægri í Hafnarfirði. — Það virðist upplýst, að foreldrarnir séu báðir öreigar, að barnið hingað til hafi verið á framfæri í Garðahreppi, framfærsluhreppi móðurinnar, og að faðirinn muni eiga sveit í Reykjavík, en sé á vist í Seltjarnarneshreppi. —

Í tilefni af téðri beiðni yðar, og samkvæmt því, sem þér hafið upplýst í málinu, úrskurðar amtið hér með, að af hálfu föðursins skuli greiða með drengnum Jóni Rósant árlega fúlgu 30 krónur, er lúkist móður hans, ef hún hefur drenginn á framfæri, en annars til sveitarstjórnarinnar, er annast um forsorgun hans, og má innheimta hið úrskurðaða meðlag á þann hátt, sem segir í tilskip. (14. okt. 1763 og tilskip.) 30. maí 1794, sbr. lög 16. desbr. 1885

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og lög 24 januar 1890. Gjalddagi á medlaginu sé 14. mai fyrir hvert lidid Krossmessuár

Þetta framanritada tilkynnist ydur hérmed, hr sýslumadur, til birtingar fyrir hlutadeigendum

Kristján Jónsson

settur.

Til

Sýslumannsins í Gullbringu og Kjósarsýslu

Hafnarfirdi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Útdráttur úr hreppsbókum Garðahrepps
## Meðlag með Jóni Rósant Jónssyni

| Fardagaárið: | | |
|---|---|---|
| 1893-94 | Frá Seltjarnarneshreppi („við Jón í Viðey") | Kr. 30,00 |
| 1894-95 | Ekkert | |
| 1895-96 | Ekkert | |
| 1896-97 | Ekkert | |
| 1) 1897-98 | Frá Reykjavíkurbæ | " 90,00 |
| 1898-99 | " — " — | " 30,00 |
| 1899-1900 | " — " — | " 30,00 |
| 1900-1901 | " — " — | " 30,00 |
| 1901-1902 | " — " — | " 30,00 |

1) Það sést ekki í hreppsbókunum að 90 kr. frá Rvíkurbæ fardagaárið 1897-98 sé meðlag með Jóni Rósant en líklegt að svo sé þó.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu
Hafnarfirði hinn 10. sept 1896

Út af ágreiningi milli Garðahrepps og fátækrasjóðs Reykja-
víkur um meðlag með óskilgetnu barni, Jóni Rósant
Jónssyni, sem hreppsnefnd Garðahrepps hefur komið
fyrir í Hafnarfirði, hefi ég uppkveðið svofelldan
úrskurð:

Faðir barnsins Jón Jóhannsson (sic) er til veru
í Viðey, en er sveitlægur í Reykjavíkurbæ, og er ör-
eigi. Með amtsúrskurði, dags. 25. jan 1892 er
föðurnum gjört að ~~skylda~~ greiða árlega fúlgu
með téðu barni sínu 30 krónur, og sé gjald-
daginn 14. maí fyrir hvert liðið ~~fardagaár~~ kross-
messuár.

Hreppsnefndin í Garðahreppi hefur heimtað,
að fátækrasjóður Reykjavíkur borgi henni með-
lag ~~fyrir~~ árin 1893/94, 1894/95 og 1895/96, eða
alls 90 kr., og hefur óskað þess, að upphæð
þessi dragist frá þeirri upphæð, kr. 184.00, er
Garðahreppur skuldar Reykjavíkurbæ, svo að
eftir séu af skuld Garðahrepps til fátækra-
sjóðs Reykjavíkur kr. 94.00.

Það er játað af bæjarfógetanum í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

að meðgjafarinnar fyrir árið 18 92/93 fyrir greint barn hafi verið krafist, og hafi verið borgað af fá-tækrasjóði Reykjavíkur, svo meðgjafarinnar hefur verið krafist í tækan tíma, svo eftir úrskurði Landshöfðingja dags. 12. jan. þ. á. getur fátækra-sjóður Reykjavíkur eigi komist hjá að greiða meðgjöfina fyrir árin 18 93/94, 18 94/95 og 18 95/96, að upphæð kr. 90,00, sem ber að draga frá skuld Garðahrepps til fátækrasjóðs Reykjavíkur, kr. 184,00, svo eftir eru kr. 94,00.

Þetta tilkynnist hreppsnefndinni hérmeð

Franz Siemsen

Til
hreppsnefndar Garðahrepps.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frestað – Meiri uppl. 3/11

Bæjarfógeti útvegar upplýsingar.

Jeg undirritadur óska hjermed ad fá leifi til ad setjast ad í bænum Reykjavík á næstkomandi vori, ásamt unnustu minni Gudbjörgu Ólafsdóttir. Efni okkar eru ad vísu ekki svo mikil ad vid treystum okkur til ad byggja, en ætlum ad fá húspláss leigt, vid erum bædi vinnandi og treystum okkur ad vinna bædi vid sjó og land. Jeg fer svo eigi fleiri ordum um þad en óska svars hinnar heidrudu bæarstjórnar.

Víkurgerdi í Fáskrúdsfirdi
24 okt. 1904

Runólfur Ögmundsson

Til bæarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fyrir nefndina 12/1. 05.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 6. d. janúar mán. 190 5

/. Um meðfylgjandi erindi Jóns Thorsteinssonar fátækrafulltrúa þar sem hann beiðist lausnar frá fátækrafulltrúastörfum, vil jeg leyfa mjer að beiðast álits fátækranefndarinnar svo og tillögu hennar um skipun fátækrafulltrúa í hans stað. –

Halldór Daníelsson.

Til

fátækranefndarinnar

Fylgiskjalið óskast endursent með svarinu

Verte

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Bæjarfógetans
í Rvík.

16/1. 05.

Bréf yðar, hr. bæjarfógeti, dags: 6. þ. m. um beiðni Jóns Þorsteinssonar um lausn frá fátækrafulltrúastarfinu legði eg fyrir fátækranefnd Rvíkur á fundi hennar 12. þ. m., og samþykkti nefndin að leggja það til, að Jóni Þorsteinssyni veitist lausn frá fátækrafulltrúastarfinu, og að Jón Tómasson í ~~fátækra~~- Grímsstaðaholti verði í hans stað skipaður fátækrafulltrúi.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, og jafnframt endursendi eg fylgiskjalið, er var með brjefi yðar. –

c. /.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundi 26/1 05.
Tilkynnt.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 28 d. Janúar mán. 1905

Samkvæmt tillögu fátækranefndarinnar, hefir bæjarstjórnin á fundi sínum í gær veitt Jóni Thorsteinson á Grímsstöðum, lausn frá fátækrafulltrúastarfi, og skipað Jón Tómasson á Grímsstaðaholti í hans stað.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu fátækranefnd.

Halldór Daníelsson

Til
formanns fátækranefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 12/1. 05. Barn tekið af konum 80 kr.
Honum veitt 120 kr.

Vegna þess að sjónleysi mitt eykst svo að jeg get naumlega hjálparlaust komizt húsa milli í björtu, þó bjart veður sje, og því síður ef skuggsýnt er, get jeg ómögulega lengur unnið að því að snúa prentsmiðjuhjólinu í Aldar-prentsmiðjunni, sem að undanförnu hefir verið mín eina atvinna, með því líka að kraptar mínir eru svo þrotnir, að mjer þessvegna er ómögulegt að geta leyst þetta verk af hendi, nje gjört neitt annað til styrktar lífsframfæri mínu og minna, og kona mín einnig er svo andlega og líkamlega veik, að hún ekkert getur unnið heimili okkar til styrktar, þá getum við ómögulega komizt af með þann styrk af fátækrasjóði, sem okkur hingaðtil hefir verið veittur; er jeg því knúður til í auðmýkt að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer framvegis frá þessum tíma svo mikinn styrk af fátækrasjóði, sem nauðsynlegur er til þess, að við hjón eigi líðum neyð af bjargarskorti.

Pósthússtræti 17 í Reykjavík, 12. janúar 1905.

Auðmjúklegast.

Magnús Pálsson.

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 12/1. 05.

Styrinn veittur. –

Vegna þess að jeg, sem er fátækur maður, og hefi 6 ung börn mín fram að færa, hið elzta þeirra 11 ára og hið yngsta 13 mánaða gamalt, get jeg nú ekki lengur komizt af með þennan minn barnahóp án þess að biðja um styrk af fátækrafje, og dirfist því hjer með auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer hjálp af fátækrasjóði bæjarins, sem sje 40 kr nú þegar í eitt skipti fyrir öll, – sem mjer kæmi bezt, – eða þá 15 krónur á mánuði frá byrjun þessa árs til loka næstkomandi marzmánaðar, því með minni hjálp get jeg, – því miður, – ekki komizt neyðarlaust af með mig og mitt þunga heimili.

Laugavegi 25, í Reykjavík, 11. janúar 1905.

Auðmjúklegast.

Jón Kristjánsson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tekið til greina
fundi 12/1.05.

f. 12/1.05. – 10 kr. um mán.

Þar eð móðir mín Þóra Brinjólfs-
dóttir fjörgömul er nú alfarið orðin
kararómagi og getur ekki svo mikið
sem tekið eina prjónalykkju sjer til
skemtunar svona hefur hún verið síð-
an um veturnætur, og þá hún fengi 8 kr
meðlag um mánuðinn meðan hún hafði
fótavist þá hefði það ekki fullnægt þörf
um hennar hefði ekki góðir menn rjett
henni hjálparhönd og eg af fátækt minni
gert hvað eg gat. Þá er það nú bón mín
til hinnar Heyðruðu Fátækranefndar að
henni mætti þóknast að meðlagið til
hennar mætti verða 10 kr um mánuðinn
frá byrjun þessa mánaðar og framvegis

Virðingarfyllst

Lindargötu 11 9 Janúar 1905

Brinjólfur Eiríksson

T.h.
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 12/1.05. – falið Ó. Ó.

Það er nú komið hátt á annað ár
síðan ég fór bónarveg til Fátækranefndar
Reykjavíkur að gert yrði við skúrinn við
þennan svokallaða Íbúðarkofa sem ég er
í með fjölskyldu mína bón mín var sam
þykkt og Hr: Ólafi Ólafssyni falið á hend
ur að gera við skúrinn, Smátt og Smátt
drógst tíminn og hef ég þó við og við
verið að minnast á það við menn úr
nefndinni en alt stendur í stað –

En ~~gallatt~~ gamall maður sem hefur
verið sveit áður fyrri sagði mjer hvað
ég skyldi gjöra hann sagði ég skyldi
taka snjó þegar hann væri að fá og klem
ma í allar rifur og göt til að taka af
mesta storminn sem kæmi inn, það
hefði verið gert við skjepnukofa í sveitinni
þá tek ég það nú fyrir þegar kalda köst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

koma að biðja guð að gefa mjer snjó til að skila mjer og mínum því mjer synist að mennirnir hvorki vilji eða geti það

með virðingu

Lindargötu 11 9 Januar 1905

Brinjólfur Eiríksson

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundu 26/1. 05.
Samþ: styrveiting

Herra Kristján Jónsson Yfirdómari

Þar sð ég hef heirt að þjer sjeuð kosin Fátækrastjóri þá verð ég að snúa mér til yðar með erindi mitt. sem er þannig að ég hef stundum fyrirfarandi neiðst til að biðja um stirk til að geta lifað. einnig í þetta skifti vildi ég undirskrifaður mega biðja yður að göra svo vel og láta mig fá ávísun uppá eintverja upphæð til að fá fyrir heimelisþarfir

að ég ekki kem sjálfur kemur til af því að ég er mjög óframfærinn einnig mjög heirnarsljóur og veigra mjer þess vegna við að tala við ókunnuga enda bilaður á heilsu að öðru leiti og á ég alls þessa vegna verra aðstöðu í baráttunni fyrir lífinu heldur enn almenningur

Hverfisgötu 9 25/1 1905

Virðingarfyllst

Sigurður Frím. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22/12

fundur 12/1. 1905.

Sam. N. & Jóni Eyj. falið eptirlit. —

Maður heitir Magnús Guðmundsson; hann er skósmiður og býr inni á Laugavegi, í húsi Guðjóns Einarssonar prentara. Hann er kvæntur og á börn. Auk þess er stjúpsonur hans hjá honum, Vilhelm Hansen að nafni, 10 ára gamall. Magnús er fátækur maður, þó hann vinni baki brotnu og sé enginn óreglumaður. En auk þess er samkomulagið svo háttað milli hans hans og stjúpsonar hans, að ekki má við svo búið standa. Drengurinn er óþægur stjúpföður sínum og stjúpfaðirinn hefir ekki það lag á að umgangast drenginn sem æskilegt væri. Af dvöl drengsins á heimilinu stafar heimilisófriður, sem er skaðlegur bæði fyrir heimilið og ekki síst fyrir uppeldi drengsins og framtíð. — Eg álít mannsefni í drenginum sem því þörf fyrir breyting á uppeldi hans, og að hann geti orðið að nýtum manni, ef hann kemst undir annara manna ~~m~~ umsjá og á gott heimili. — En hann verður að mínu áliti; að hverfa burt sem allra fyrst af heimili því, sem hann er nú á og komast í góðan stað.

Eg leyfi mér því virðingarfyllst, að skora á hina heiðruðu fátækrastjórn að útvega umræddum dreng, Vilhelm Hansen, sem allra fyrst góðan verustað og taka hann frá foreldrum hans. Drengurinn nýtur góðrar kenslu og þarf ekki á því efni aðra breytingu að gera, og fram til þessa hefir hann lært lítið í öðru því, sem af er vetrinum. — Best væri, ef hann gæti nú verið kominn í vist og ílengst þar. Hann hefir verið 2 sumur í vist, sem eg veit um, og þar komið sér vel og þótt liðlegur til venjulegra starfa.

Reykjavík 22. des. 1904.
Ólafur Ólafsson
fríkirkjuprestur.

Til

Fátækrastjórnarinnar í Reykjavík. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Húsaleiga ekki veitt með til-
liti til, 60 kr. meðlags með
barni

Reykjavík 11/1 – 1905

Fundur 12/1. 05. –

Til fátækranefndar Reykjavíkurbæjar.

Í tilefni af því, jeg varð að fara úr bæ þeim, er jeg var í undanfarið, þá hefi jeg fengið mjer húsnæði á Bræðraborgarstíg 23, 1 herbergi fyrir 4 kr. um mánuðinn; herbergið er gott og hlýtt, og vildi jeg mjög fegin geta haft það áfram, þar sem jeg hef 2 börn ung, og þarf að hafa betra húsnæði en það sem jeg hafði; en sökum þess að jeg er fátæk, ~~þá~~ og kringumstæður mínar eins og þær eru, þá treysti jeg mjer ekki að borga þessa húsaleigu; og vildi jeg því virðingarfyllst fara þess á leit við fátækranefnd Reykjavíkurbæjar að það yrði borgað fyrir mig, þó ekki væri nema 3 kr. á mánuði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá 1. jan. 1905

Virðingarfyllst
Sigurlin Vigfúsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29 x 10 1/2
= 304 □ al.

fundur 12/1. '05. Synjað.

21/12

Hérmeð leyfi jeg mér virðingarfyllst. að biðja hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur, að selja mér lóðarræmu þá er svo kallaður Arnbjörnslóð stendur á og sem honum fylgir sem mun vera herumbil að stærð 25 álnir á lengd og 8 álnir á breidd, Eins og hinni háttvirtu nefnd mun kunnugt, getur einginn annar en jeg hoft. gagn af þessari lóðarræmu því hún er bæði lítil og illa löguð en þar sem jeg á lóð mína liggjandi fast við hér greinda lóðarræmu, leikur mér hugur á að fá hana keypta, og myndi jeg vilja gefa allt að krónu fyrir hverja ferhyrnings alin í lóðinni, einnig mynd jeg kaupa bæjarhrófið ef það yrði gjört að skilyrði fyrir lóðar sölunni,

Reykjavík 20 - 12 - 04.
Virðingarfyllst

Magnús R. Jónsson

Veto

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fátækranefnd Reykjavíkur hefur á 2 fundum, 22. f. m. og 12. þ. m. tekið til íhugunar beiðni yðar í brjefi dags. 20. f. m., um kaup á Jóns Arnbjörns-sonar bæ og lóð þeirri, er honum fylgir, með þeim nánari skilmálum, sem því greinir í brjefinu, og hefur nefndin nú komizt að þeirri niðurstöðu, að hún geti ekki misst bæjinn eins og nú stendur á, og verður beiðni yðar því þó eigi tekin til greina að svo komnu. —

Fátækranefnd: Rv., 16/1. '05.

Til Hr. Skósmiðs Magnúsar Rudolph Jónssonar

fundur 26/1-05.

veitt.

Leiga 10 kr.

Reykjavík Hverfisgötu No 13. 25/1 1905

Jeg undirskrifuð leifi mjer hjer með,
að fara þess á leið við hina hátt-
virtu Fátækra-nefnd Reykjavíkur, hvort
hún vilji ekki leigja mjer kálgarð
á Litlabæarlóð í Sköggahverfi, til
afnota yfirstandandi ár, ef hún
ekki ráðstafar henni uppá annan
máta.

Rannveig Gissursdóttir

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 26/1.05
Samþ. styrveiting.

Jeg leyfi mjer hjermeð virðingarfyllst, að snúa mjer til hinnar heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur, og láta hana vita, að jeg hefi ekki getað borgað húsaleigu til herra snikkara Bjarna Jónssonar í Reykjavík, síðustu þrjá mánuði, sem er að upphæð þrjátíu krónur, og vona til þess, að hin heiðraða nefnd borgi þessa upphæð fyrir mig. Það skal tekið fram, að jeg er húsvilltur ef þessi húsaleiga verður ekki borgað, en jeg þarf ekki að taka það fram hvernig kringumstæður mínar eru því það veit jeg að hin heiðraða nefnd þekkir.

Reykjavík 26. januar 1905.

Virðingarfyllst.

Jóhann Árnason
(beykir)

Til fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 26/1. 05.
Veittur styrkur.

4 kr. húsal. st.

Um leið og jeg hjer með votta mitt innilegt þakklæti fyrir þann 10 kr mánaðarlega lífsframfærisstyrk, sem mjer og konu minni var, samkvæmt beiðni minni, veittur á síðasta fátækranefndarfundi, leyfi jeg mjer að tjá hinni háttvirtu fátækrastjórn, að styrkur þessi nægir að eins til, með mestu sparsemi, að borga með fæði og eldivið handa okkur hjónunum, en eigi til þess að við af honum getum borgað húsaleigu fyrir okkur, sem er 5 krónur á mánuði, og því dirfist jeg ennfremur auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn einnig að veita mjer mánaðarlega frá byrjun þessa árs 5 krónur af fátækrasjóði, til þess að borga með húsnæði það, sem jeg nú hefi, svo að jeg eigi komizt á vonarvöl af húsnæðisleysi.

Pósthússtræti Nr. 17 í Reykjavík, 26. janúar 1905.

Auðmjúklegast.

Magnús Pálsson.

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

f. 26/1 05.

Eptir samkomulagi við G. M.
var reikningurinn samþykktur
með 165 kr. 30/1. 05.
Kr. J.

Reykjavík 20. jan. 1905.

Út af fyrirspurn yðar, herra assessor, fyrir hönd fátækranefndar Reykjavíkur, um læknishjálp mína til þurfalingsins Jóns Jónssonar, skal jeg hjermeð skýra yður frá, að hún var ekki látin með vilja og vitund þáverandi formanns fátækranefndarinnar, bæjarfógetans. Auk læknishjálparinnar á spitalanum hafði nefndur Jón notið nokkurrar læknishjálpar hjá mjer áður, eptir eigin ósk, og hef jeg ekki gefið neinn reikning fyrir þeirri læknishjálp.

Hinni háttvirtu fátækranefnd fylgir reikningur minn hér. Um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það skal jeg ekki deila, en aðeins
vekja athygli hennar á því, að jeg
hef í reikningnum sleppt tilkalli til
meira en þriðjungs af þeirri upphæð,
sem lög heimila. Hinsvegar er eðli-
legt að lœknishjálp nemi töluverðu
fyrir sjúkling sem stundaður er nálega
2 ár samfleytt, og svo er ástatt
með, að umbúðirnar þarf að skipta
annanhvorn dag síðara árið og
optar en 1 sinni í viku fyrra
árið, vegna úldinnar graftarút-
ferðar.

Virðingarfyllst
G. Magnússon,
lœknaskólakennari.

Til formanns
fátœkranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til
oð,
li-
du
ialga
ta
t-
i.

Docent Guðmundur Magnússon (9

[Reikn. fyrir læknishjálp
veitta Jóni Jónssyni].

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra docent Guðm. Magnússon.

Fátækranefndin, 16/1.05.-

Reikning yðar, herra Dósent, að upp-
hæð 212 kr., fyrir læknishjálp veitta
þurfalingnum Jóni Jónssyni á St. Josephs
spítala frá því í febrúar 1903 til 31/12
1904, lagði jeg fyrir fátækranefnd Reykja-
víkur á síðasta fundi hennar, og
ályktaði nefndin þá, að leita upplýs-
inga um það, að hvers tilhlutun áminnst
læknishjálp hafi verið í "tje látin",
áður en hún ~~kæmi~~ kvæði á um það,
hvort ~~hún ætti~~ greiða skuli upphæð reiknings-
ins af fátækrasjóði. — Jeg vil því biðja
yður að láta mjer í tje skýrslu um þetta
atriði, áður en fundur nefndarinnar
verður næst haldinn 25. þ. m.
Jeg vil eigi dylja það, að nefndinni þætti það
eigi sjálfsagt að borga þennan háa reikn-
ing, einkum með tilliti til þess, að hún hefur
fátækralækni, sem hún greiðir árskaup eftir
samningi. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundr. 9/2. 05.  Styrkur veittur til bæjargjaldk: 11/2.

Af því að sjúklingurinn

Halgerður Gróa Guðmundsdóttir

sem hjá mjer er til heymilis

þarfnast meiri aðhlinningar

í fæði og meðölum, enn jeg get

veitt henni, sökum ástæða

bið jeg því hina háttvirtu fátækra

nemd bæjarins að veita mjer styrk

af fátækra sjóði bæarins til þess

að ofangreindum sjúkling ~~mætti~~

mætti betur líða.

Bókhlöðustig 4 Reykjavík 9/2 1905

Jóhannes Oddsson

til

Fátækra nemdarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 26/1 – [illegible]

H.

Hinn 15. þ. m. fór bakari C. Fredriksen hjeðan til útlanda, og sagði hann mjer þá alveg fyrirvaralaust upp atvinnu við bakarí það, sem hann veitir forstöðu, og sem jeg hefi unnið við í 2½ ár; en samt lofaði hann mjer því, að hann skyldi taka mig og veita mjer þar aptur atvinnu þegar hann kæmi hingað heim í næstkomandi marzmánuði. Af því að jeg, eins og kunnugt er, er alveg eignalaus og bláfátækur maður, sem hefi 7 ung börn mín fram að færa, er jeg við þennan atvinnumissi í svo miklum vandræðum með lífsframfærslu mína og heimilis míns þann tíma, sem þetta atvinnuleysi mitt stendur yfir, að jeg hefi engin önnur úrræði en að leita hjálpar hinnar háttvirtu fátækrastjórnar og auðmjúklega að biðja hana að veita mjer 100 króna lán af fátækrasjóði til fæðis og húsnæðis fyrir mig og fjölskyldu mína þann tveggja mánaða tíma, sem jeg verð atvinnulaus. Þetta umbeðna 100 króna lán vil jeg, svo framarlega, sem jeg get, endurborga á komandi framtíð, smátt og smátt. og svo fljótt, sem mjer er mögulegt, með ofurlitlum mánaðarlegum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

afborgunum af vinnulaunum mínum þegar ómegð mér fer að ljettast og hagir mínir — sem jeg vona — ofurlítið að rjettast við frá því sem nú er.

Laufásvegi 2 í Reykjavík, 25. janúar 1905.

Auðmjúklegast.

Grímur Ólafsson

bakari.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 9/2.05. Til Fátækranefndar
Semþ.-                    Reykjavíkur

Hjer með vil eg virðingarfyllst minnast á það við hina Heiðruðu Fátæk-ranefnd að mjer hefur verið munnlega sagt að það hefði verið samþikkt á fundi í haust að eg ætti að fá kjenslukaup fyrir barn Brynjólfs Eiríkssonar Lindargötu 11 Eins og í Fyrravetur 1kr 50a um mánuðinn og vildi eg fá það í tvennu lagi, fyrri partin að hálfnuðum kjenslutímanum En þegar eg fór að vita um það hjá For=manni nefndarinnar fann hann það Ekki í bókunum og vissi Ekki um sam-þiktina. kjenslan byrjaði 14 Oktober og er þá hálfur tímin 31 Janúar, þettað bið eg nú nefndina að athuga og gjöra mjer það vitanlegt sem fyrst hvort þettað fæst

virðingarfyllst

Laugaveg 52, 4 Janúar 1904
Þórður Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 26/1.05. frestað til rannsóknar.-
d° 9/2.05.-
Sbr. bæjarfóg. [illegible] 11/2.'05
~ . ~ . ~

Reykjavík 26-1.'05.

Í síðastliðnum nóvembermánuði rjeði jeg til mín vetrarstúlku sem ætlast var til að dveldi hjá mjer til 14. maí næstkomandi.

Skömmu fyrir jólin varð stúlka þessi uppvís að þjófnaði; þá kom það einnig í ljós að hún kvaðst vera þunguð, hafði hún dulið mig þess þá er hún rjeð sig til mín.- að þessu upplýstu, gat jeg auðvitað samkvæmt lögum vísað henni úr vistinni samstundis, en hefi þó ekki enn þá gjört það, meðfram af meðaumkun yfir ástandi hennar. Nú kvað hún vera komin að því, að eiga barn, enn mjer er öldungis ómögulegt að halda hana nema á meðan hún getur leyst þau störf af hendi, sem henni hafa verið falin, og sem hún rjeðist til að gjöra og þareð hún nú fáum kunnug hjer, en að nokkru leiti undir umsjón dómarans, þá leyfi jeg mjer að tilkynna hinni háttvirtu fátækranefnd kaupstaðarins, að sjálfsagt þarf stúlka þessi aðstoðar hennar auðvitað hefur hún ekki beðið mig að skrifa styrkbeiðni fyrir sig, enn jeg gjöri það fyrir mig sjálfann, því eg er ekki– samkvæmt því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem áður er sagt skildur til að halda hana
þarið breytni hennar hefur verið vítaverð, enn
jeg veit ekki til að hún eigi nokkurn sem
helst að hjer í bæ, er skjóti skjóls húsi yfir
hana, Jeg verð því að krefjast þess, að hin
háttvirta fátækranefnd annist hana þann
tíma, sem hún kann með að þurfa, og hún
ekki getur unnið fyrir sjer,

Ef háttvirt nefnd óskar, þá get jeg máske
bent henni á stað, þar sem jeg hygg að mætti
koma henni fyrir á meðan hún liggur á sæng
Jeg get ekki með nokkru móti haldið hana
þann tíma Jeg hef mörg börn og enga
vinnukonu þegar hún fellst frá.

Jeg vil biðja háttvirta nefnd að svara mjer
sem fyrst uppá þetta erindi.

Virðingarfyllst
Gísli Þorbjarnarson

Anna Jónína Jensdóttir, 27 ára, kom frá Akureyri í vetr. (? ) í haust.
fædd í Norðfirði (á Seldal) í Suðurmúlasýslu.
Í Suðurmúlasýslu var hún þangað til hún var 21 árs.
Þá í Vopnafirði 1 ár; í Þingeyjarsýslu (Þórá, Haga, Tjörnesi, Siglunesi) 4 ár; á Akureyri 1/2 ár;
síðan hjer. —

Til

Fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mót. 16/1. 05. f. 26/1. 05. fátæk.

~~fundur 9/2. 1905.~~ (til upplýs.)

Skr. [illegible] 11/2. 05.

Háttvirta fátækra nefnd í

Reykjavík

Jeg undirritaður leifi mjer að spyrja ydur hvort eg meigi hafa dreng sem er búinn að vera hjá mjer nú bráðum hér um 3 ár síð ann eg tók hann af hjónunum Grími Ólafssyni bakara sem þá var á Ísafirði en fluttist suður til ykkar sama sumarið og eg tók dreinginn Jeg hefi frjett að þau væri á bæjarfje og þessvegna skrifar eg ydur. Þau eru að heimta af mjer dreinginn og hafa skrifað um það mörg brjef að eg skildi senda hann í sumar sem þá var mislingaveiki og eg gat ekki sent hann svo hef eg látið hann á barna skóla hrepps ins hjer bæði nú og í fyrra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En þau vilja þau engu svolka og segja
að ég hafi eigi áttað láta hann
á skóla en mjer var ekki annað
hægt en nú vil ég leifa mjer að
biðja yður að lofa mjer að hafa dr-
enginn í sumar að honum og þá vegna ég að
borga þær skuldir sem hvíla á mjer
fyrir nám hans en annars mun
n þau verða að borga það ef þau
taka hann í vor
Ég vona eftir því era á fátækra
þje að þjer ráðið þá ekki minnsta
um þetta máli því drengurinn
vill ekki fara frá mjer og svo
er hann ekki nema til að fara
með hest og gæta að kindum
það skal ég segja yður að bæði
hjeraðsl. Jón Þorvaldsson Hvteyri
hjer í hreppi og kennari drengs-
ins þessi kennslu ~~at~~ ár

geta vottað viðurgjörning minn
á drengnum

Virðingarfyllst
Skjótta 2 janúar 1905

Jónas Davíðsson

Drengurinn er á 12. ári. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

fátækrafulltrúans í Reykjavík

Mott. 15/7.

Þúdu 27/7. '15.

Hjermeð leyfi jeg mjer að láta yður vita hr. fátækra-fulltrúi, að unglingsveinn Jón Sigurðsson, er samnefndarmenn yðar útveguðu mjer nýlega til vika, er með öllu óhæfur til þeirra snúninga, er honum voru ætlaðir eins og enda vænta mátti; því öllum, sem til hans þekkja blandast ekki hugur um, að telja hann saman auming bæði á sál og líkama svo enginn þarfti, að ætla að hann gæti orðið mjer til nota eins og ástendur fyrir mjer

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

Með því nefndur unglingur á framfærsluveit hjer í Reykjavík, þá hlýt jeg að tjá yður það að tafar að mjer er með öllu ómögulegt að hafa ungling þennan nokkurn dag frá þessum degi án fyllstu meðgjafar hjer frá bænum. Mjer er sagt að fram að þessu hafi verið gefið með unglingnum 10 kr. um mánuðinn og sé jeg mjer ekki fært, að taka unglings þennan fyrir lægra meðlag, en vil hins vegar hans vegna ekki afsegja, að taka hann með ofannefndu meðlagi. því drengurinn hefur

óskað eftir að vera kyrr. Enn fremur verð jeg að ánýja þá beiðni mína til fátækranefndarinnar í Reykjavík að hún útvegi mjer þann ungling, sem gæti orðið mjer, að liði og jeg vona að hin heiðraða fátækranefnd sinni ekki síður, að útvega mjer löglegan ungling þótt svona tekist til með Jón þennan Sigurðsson

Virðingarfyllst

Reykjavík 11 júlí 1905

Josep Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

f. 9/2.05. – Styrkur [illegible] eptir rannsókn.

11/2. Styrkurinn veittur.

Hjer með er það vyrðingarfyllst bón mín til Hinnar Heyðruðu Fátækranefndar að hún vildi svo vel gjöra og lána mjer úr Fátækrasjóði til Lyfsbjargar ~~40~~ krónur í Peníngum þetta lán ef það fæst, lofa eg að borga á næsta sumri við fyrstu mögu-legleyka. eg hef aungvan Búðarreykning og Ekkjert annað en það sem eg get feing ið fyrir vinnu mína sem nú er mjög ~~sjald~~ sjaldan orðið að hún sje fáanleg, En þörfin er bráð

vyrðingarfyllst

Grettisgötu 35 – 4 Febrúar 1905

Pjetur Þórðarson

til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 9/2-05. – Styrkur veitist eptir rannsókn.

Með því að ég undirskrifuð missti manninn minn Jón sál. Guðmundsson þann 12. f.m., og sé þarafleiðandi ómögulegt fyrir mig að komast af, með tvö börn mín án styrks, þá leyfi ég mér að snúa mér til hinnar heiðruðu fátækrastjórnar hér í bænum, í þeim tilgangi að hún hlutist til um að mér veitist styrkur af bæjarins fé, mér og börnum mínum til framfærslu, sem ég get ekki hugsað mér lægri en 12 krónur um mánuð hvern, þar af 4 kr. í húsaleigu. Yngra barnið mitt er fjegra ára en það eldra tíu ára, og sjálf er ég 47 ára og er mjög heilsulin.

Ég vona að þér herra fátækrastjóri sjáið um að þessum tilmælum mínum verði gaumur gefinn og svarað sem fyrst, þar sem fátæktin er mikil og þörfin til hjálpar bráð.

Virðingarfyllst

Reykjavík 8. Febrúar 1905

Guðrún Þorsteinsdóttir

Til

Hr. fátækrastjóra Kristjáns Jónssonar

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 23/2. '05. - veitt.

Sökum þess, að mér hefur, á yfirstandandi vetri, að miklu leiti brugðist bæði atvinna sem og að undan förnu hefi stundað, nefnilega að kenna börnum, og hefur það að mestu stafað frá veikindum sem gengið hafa hér í bænum, helzt Taugaveiki, þá er það, að jeg sem er farlama maður, sem enga erfiðis vinnu gét stundað, leifi mér hér með, að fara þess á leit við hina heiðruðu Fátækra nefnd Reykjavíkur bæjar, að hún vilji liðsinna mér nú í svipi og hjálpa mér um dálítið af eldivið, nefnilega Kol. Jeg treysti því að þeir af fátækra fulltrúunum, sem kunnugastir eru högum mínum og ástæðum, gefi nefndinni svo glöggar og réttar upplýsingar um málið, að hún sjái ekki gildar ástæður til að synja mér um þessa beiðni mína

Laugaveg 61 23 Febr 1905

með virðingu
Sigurður Eiríksson

Til Fátækra-nefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tilk. bæjargjaldkera 24/2.05.

til aths. –

tilk. á fundi 23/2. '05.

Með línum þessum kannast ég við að hafa tekið við samkvæmt áður gerðum samningi geðveikum manni Guðbjarti Sigurðssini, frá fátækrastjórninni í Reikjavík, og lofa að annast hann eftir því sem ég hefi vit á og kringumstæður leifa fyrir eina krónu um daginn, meðan hann dvelur hérna, ef ekki breitist heilsa hans til hins lakara.
Ég læt þess getið að hann er fáklæddur sérstaklega af nærfötum

Elliðakoti 11. febr 1905

Guðm. Magnússon

Til fátækrastjórnarinnar í
Reikjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(frá Hólavelli).

Reikn. exemp. á fundi 23/2. 05. Eitan ávísaðr. -

Hjermed leyfi jeg mjer, ad senda ydur, háttvirti hr. bæjarfógeti, reikning med 2 fylgiskjölum yfir útlagdan kostnad af Reydarfjardarhreppi vegna veru piltsins Ragnars Vilhelmsens, sonar Oddrúnar Sigurdardóttur. Reikningsupphædina 68 - sextíu og átta - krónur 88 aurar bid jeg ydur, eins og reikningurinn ber med sjer, ad borga til hr. organista Jóns Pálssonar í Reykjavík vegna hr. Bjarna Eiríkssonar kennara Eskifirdi.

Eskifirdi þ. 4. jan. 1905

Gudm. Ásbjarnarson
oddviti Reydarfjardarhrepps

Til
bæjarfógeta Halldórs Daníelssonar
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 9/3 05 — Synjað um húsaleigustyrk. "en styrkist annars eptir nauðsyn." —

Hjer með er það virðingarfyllst bón min til hinnar Heydruðu Fátækranefndar i Reykjavík að hún vildi svo vel gjöra og veita mjer styrk til Húsaleigu alt að 3 krónum um mánuðin hjer eptir Fjölskylda min eða rjettara, Eg með Fjölskyldu mina kjemst ekki af með húsrúm fyrir minna en 3 kr um mánuðin þar eg hef 7 menn i heymili, konuna og 5 börn með þó dálitlu ~~að~~ sem nauðsinlega verður að fylgja af eigum, eg vona að fá svar hið fyrsta að hentug= leyka Leyfa Virðingarfyllst

Laugaveg 75 8 Marts 1905

Björn Hannesson

Til
Fátækranefndar Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 9/3. 05.
10/3. Reikn. endursendur bæjarfóg. til áritunar.
11/3. Reikn. áritaður sendur bæjargjaldkera, og honum fyrir lagt, að senda upphæðina til Kbhavns Magistr. 3. Afdel.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 6. d. Marts mán. 1905

Stjórnarráðið hefur mjer brjefi, dags. 2. þ.m., f. sent mjer meðfylgjandi brjef og reikning frá fátækrastjórn Kaupmannahafnar og lagt svo fyrir að upphæð reikningsins Kr. 357,32 a endurgjald fyrir styrk veittan Guðríði Einarsdóttur og ferðakostnað hennar hingað verði greidd nefndri fátækrastjórn beina leið úr fátækrasjóði hjer.

Fyrir því mælist jeg til, að hin heiðraða fátækranefnd annist um greiðslu á tjeðri upphæð við fyrsta tækifæri. —

Halldór Daníelsson. —

Til
Formanns fátækranefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kjøbenhavns Magistrats

3die Afdeling.

Den 20' Januar 1905.

Postdistrikt B.

Skriveler og Postanvisninger m. m., denne Sag vedrørende, bedes velvilligst betegnede med
A. 30.23/04.

For den i Reykjavik forsørgelsesberettigede Ugift Gudridur Ejnarsdotters Underhold i St. Johannes Stiftelses Arbejdshus fra 11' August til 12' November f.A., da hun hjemsendtes, for ydet Extraforplejning under hendes Skur sammesteds fra 20' Oktober til 12' November f.A., for hendes tvende Börn Ferdinand og Ejnars Underhold i Optagelsesanstalten sammesteds i samme Tidsrum, for Omkostningerne ved Hjemsendelsen samt for Transport af Bohave til Dampskib

fremsendes hoslagte Regning til Beløb 357 Kr. 32 Øre med tjenstligst Anmodning om, at Beløbet maa blive indbetalt til Magistratens 3die Afdeling i Henhold til det ærede Amts Skrivelse af 29' September f.A.

H. Jacobi

Larsen
Exp.

Til

Bæjarfóg. í Rvík.
Dagbók 1905 No. 135

Islands Sønder og Vester Amt
Reykjavik.

(E) Stjórnarráð Íslands II
Dagb. I nr. 318. 21/2 05.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 9/2.'05.
frestað.
23/3.'05.

Reykjavík, Laugaveg 46 A. 1. marz 1905.

= svr. kvittun 24/3.05.

Þar sem tveir meðlimir fátækranefndar Reykjavíkurkaupstaðar hafa tjáð mér, að erindi, er eg sendi téðri nefnd síðastl. í októberm. s.l. á., hafi glatast, þá leyfi eg mér hér með að senda henni eftirrit af því erindi, er svo hljóðar:

Sumarið 1902 yfirgaf eiginmaður minn Jón Antonsson, ættaður hér úr Reykjavíkurbæ, mig ásamt kornungu barni okkar Kristínu að nafni, og svo um sumarið 1903 fæddi eg 2 drengi, sem hann einnig er faðir að; annar þeirra er þegar dáinn, en hinn Ingvar Þorgils er á lífi.

Um haustið 1902 sigldi Jón til Danmerkur, var síðan um tíma í förum milli Kaupmannahafnar og Ameríku. Fór eg þess á leit við hann, bréflega, að hann vildi styrkja mig með því, að gefa með börnum okkar, og með bréfi til mín síðast liðinn vetur kvaðst hann fús til að gefa með þeim, að sínum parti, eftir Amtmanns úrskurði, sem eg þá samstundis einnig fékk, og var hann þegar sendur hlutaðeigandi yfirvöldum, en þegar úrskurðurinn kom til Kaupmannahafnar, var nefndur Jón kominn til Ameríku, og þar farinn af skipi því, er hann sigldi með; síðan hefi eg ekkert af honum frétt.

Þar sem eg nú engan veginn sé mér fært, án hjálpar, einn að annast bæði þessi börn okkar, og sjá þeim fyrir því sem þau þarfnast, - þau eru nú annað á 4. ári, hitt á 2. ári - þá neyðist eg hér með til að fara þess á leit við hina heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkurbæjar, að henni mætti þóknast, að borga mér með ~~þess~~um mínum börnum, að þeim parti, sem fyrtéðum eiginmanni mínum annars ber að borga.

Þess skal getið, að eg sjálf vil annast börnin, eða sjá þeim fyrir verustað. Þetta tilkynnist hér með hinni heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkurbæjar.

Virðingarfyllst!

Kristín Ingvarsdóttir

Snúið!

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg vil ei láta hjálíða að tjá hinni heiðruðu fátækranefnd, að eg vænti þess fastlega: að fá borgaða meðgjöf með þessum fyrnefndu börnum mínum, frá þeim tíma, er hið glataða bréf kom henni í hendur, og að eg fái það sem allra fyrst útborgað, sem mér ber, þegar að hafa fengið.

Virðingarfyllst!

Kristín Ingvarsdóttir

Til

formans fátækranefndarinnar í Reykjavíkurbæ.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til fundar 23/3. 05.

Fátækranefndar Reykjavíkur

þegar eg tók aumingjann Ragnhildi
Hjálmarsdóttir sem eg tók frá Oddi
sem var í Hallskoti, þá var það meining
min að eins og henni voru lögð til föt
þegar hún var hjá Oddi eins mundi það
vera til min, Nú er hún búin að vera
hjá mjer um 7 ár og hef aldrei feingið
Eins Eyris virdi í því skyni og líklegast
þarf ekki að nefna það. En nú Leyfi eg
mjer að Fara þess á Leyt að eg mætti
fá alt að 15 krónur til Fatnaðar
handa henni. sömuleydis vil eg
virðingarfyllst fara fram á, hvert
Ekki væri mögulegt að mjer væri veitt viðbót
við aðalmedlagið að það gæti öll upp=
hæðin, Eða mætti verða 250 krónur

Virdingarfyllst

Laugaveg 42 – 23 Marts 1905
Þórhallur Þórhallason

40 ára – 208 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 23/3. 05. – Veitur styrkur.

Vegna þess að jeg um undanfarna 3 mánuði var svo heilsuveik, að jeg neyddist til að útvega mjer 1 pela af mjólk til að nærast á, á hverjum degi frá 15. des. f. á. til 15. þ. m. samtals 90 daga; kostar því þessi mjólk alls 4 kr. 50 a. og jeg enn fremur var svo sárveik á þessu tímabili að jeg varð að hafa hjá mjer hjúkrunarkonu í 3 vikur, setti hún upp fyrir hjúkrun þessa 1 krónu fyrir hverja viku eða samtals 3 krónur. Með því jeg – sem enn er vesöl, þó heilsa mín sje talsvert að skána, og jeg voni að sá heilsubati haldi áfram, – er svo fátæk og allslaus, að jeg af eigin rammleik ekki get borgað ofannefndar upphæðir fyrir mjólk og hjúkrun, dirfist jeg auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer þær af fátækrasjóði með samtals 7 kr. 50 a., svo jeg geti borgað hlutaðeigendum hjálp þá, er þeir, samkvæmt ofanskrifuðu hafa í veikindum mínum látið mjer í tje.

Klapparstíg 22 (Bala) í Reykjavík, 22. marz 1905.

Auðmjúklegast.

Guðbjörg Sigmundsdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/3. 05. neitað að borga ferðakostnaðar-reikning.

fundur 23/2. 05. - Reikninginn bíður. -

Skr. bæjarfógeta ítarlega um Jóh. 25/2. 05.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 21. d. febrúar mán. 1905.

Um leið og jeg sendi meðfylgjandi erindi frá Þ. Hjaltested úrsmið, vil jeg mælast til að hin heiðraða fátækranefnd útvegi Jóhannesi Benediktssyni, sem bæjarfógetið ræðir um og væntanlegur er með fjölskyldu sinni hingað með gufuskipinu „Perwie“ ídag eða á morgun, húsnæði og bráðabyrgðarstyrk, sem hann sjálfsagt mun þarfnast. Hann er sveitlægur hjer í bænum

Halldór Daníelsson.

Til formanns fátækranefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

GRAND HOTEL.

p. t. Stavanger den 10-2-1905

Hr. bæjarfógeti H. Daníelsson
Reykjavík.

Í tilefni af því að eg hefi fundið hjér hjálparlausa fjölskyldu að heiman, þá hefi eg leitt mér að leitast til um að hún yrði send heim sem fyrst.

Eg frétti að skipið „Perwie" lægi ferðbúið í Bergen, til Reykjavíkur og ætti að fara í stað kl. 6 f. m. í dag. Eg sneri mér til vice konsul og fékk því til leiðar komið að skipstjóri tæki fólkið upp til Íslands, gegn því að honum yrði þar borgað fargjald og fæðispeningar eptir reikn. á skrifst. bæjarfógetans, og að eg borgaði ferð fjölskyldunnar — Jóhannesar Benedikts. frá Miðhúsum í Reykjavík m/. konu og 5 börnum — til Bergen. Þetta hefi eg gjört einn og með vottorð(?) [illegible] Eg hjálpaði þessu fólki sem eg bezt gat og hugði með því, að koma því sem fyrst heim, [illegible] eg spara Reykjavíkurbæ nokkra peninga og fólkinu þjáningar.

Eg skal geta þess að hjér eru nokkrir húsmunir um borð í skipi er eg er viðriðinn, tilheyra þeir Jóh. Bened. Ef skip þetta ekki ~~kemur~~ verður sent til Reykjavíkur, læt eg selja munina og afh. yður upphæðina á sínum tíma.

Virðingarfyllst [illegible]

Bæjarfóg. í Rvík.
Dagbók 1905 No. 79

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en fremur formanni fátækranefndarinnar sem nú er nýskipaður, að ávísa upphæðinni þeirri er hjer ræðir um að veita til útborgunar á leið og yður þóknist hann að greiða sem best fyrir málinu.

Yðar með mikilli virðingu

Pjetur Hjaltested.
Úrsmiður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 24. d. Marts mán. 1905.

30/3. Reikn. ávísaður 25 Kr.

Haraldur Helgason, sem spurst er fyrir um í brjefi hinnar heiðruðu fátækranefndar dags. ídag, er sveitlægur í Reyðarfjarðarhreppi í Suðurmúlasýslu. Hann var fangi hjer í hegningarhúsinu missirið fram að 4. f. m., en vegna heilsubrests varð hann eigi sendur landveg til átthaga sinna, og var honum því útvegaður samastaður hjá Hjálpræðishernum til næstu skipsferðar, sem verður með „Ceres" 26. þ. m. Kostnaðinn við þessa dvöl Haraldar hjer svo og við ferð hans austur, verður að greiða til bráðabyrgða úr fátækrasjóði; með því að landsstjórnin telur sakamenn óviðkomandi ákæruvaldinu eptir að þeir hafa tekið út refsinguna, en hlutaðeigandi framfærsluhreppur eigi úr því að standa straum af þeim, ef þeir þurfa að vera uppi á aðra komnir. —

Halldór Daníelsson

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nævnte Mand rejste fra os d. 24 Februar for efter eget Udsagn at besöge en Præste=gaard her i Nærheden, og Regnin=er udeblevet af denne Grund da han sagde, at komme tilbage hertil igjen.

Jacobsen

7 Haraldur Helgason ~~[illegible]~~, úr Suðurmúlasýslu, var sleppt úr hegningarhúsinu (þar var hann fyrir þjófnað) 4/2. þ. á. – Þorvaldur lögregluþjónn kom honum fyrir á [illegible] eptir beiðni bæjarfógeta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Haraldur Helgason úr Reyðarfirði
er nú á Útskálum að fara með
Ceres austur.

Frá Hólmum í Reyðarfirði. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fol. ............ Reykjavik den 20 Marz 1905

Rechnung für Fattigvæsenet i Reykjavik

von Hjálpræðisheirinn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Logi og Ophold for en Mand Haraldur ? (som formodentlig løslodes fra Tugthuset d. 4 Februar) i 20 Dage (til d. 24 Februar) | Kr | 20 | 00 |

~~[illegible]~~

[illegible]

1/8 s. q.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur